

# Sögutorgin í Borgarnesi

Niðurstöður íbúafundar 16. maí 2023

Upplifun og viðhorf íbúa til gamla bæjarins í Borgarnesi



ALT  $\neq$  RNANCE  
ARCHITECTURE & URBAN PLANNING



BORGARBYGGÐ



Co-funded by the  
Creative Europe Programme  
of the European Union



Landbúnaðarháskóli  
Íslands

# 1. Inngangur

Haldinn var íbúafundur í Hjálmakletti í Borgarnesi þann 16. maí 2023. Um 20 manns mættu til fundarins. Á fundinum var haldin kynning á verkefninu Sögutorgin og fjallað um rannsóknina Borgarnes í þátíð, nútíð og framtíð sem gefin var út í árslok 2022.

Einnig var haldin vinnustofa þar sem gerð var SVÓT-greining, en slíkri greiningu er horft til þess að finna og flokka innri og ytri áhrifaþætti varðandi ákveðiði viðfangsefni. Innri áhrifaþættir eru styrkleikar og veikleikar en ógnanir og tækifæri tilheyra ytri þáttum.

Þátttaendur í SVÓT-greiningarvinnunni voru 12. Viðfangsefnið var gamli bærinn í Borgarnesi í heild sinni og var þátttakendum í frjálst vald sett hvar þeir drógu afmörkun hans.

Framkvæmdin fór þannig fram að þátttakendum var skipt upp í 3 hópa. Fyrst var horft á styrkleika gamla bæjarins og var finnan í tveimur fösum. Í þeim fyrri lagði hver og einn þátttakandi mat á styrkleikana skriflega. Tók sú vinna 5 mínútur og þegar henni var lokið sameinuðust þátttakendur í hverjum hópi í að finna þá 3-5 styrkleika sem þeir töldu skipta mestu máli og röðuðu þeir styrkleikunum upp eftir mikilvægi, þar sem sá fyrsti var mikilvægastur og svo koll af kolli. Eftir það var gögnum safnað frá þátttakendum.


Sömu aðferðafræði var svo beitt á hina þrjá áhrifaþættina; veikleika, ógnir og tækifæri.

Við úrvinnslu voru niðurstöður hópanna fyrir hvern áhrifaþátt flokkaðar og samræmdar. Að því loknu var hverju atriði innan hvers áhrifaþátta gefið stig til samræmis við mikilvægi þess. Þannig voru gefin 5 stig fyrir það atriði sem tiltekinn hópur taldi mikilvægast, næst mikilvægasta atriðið fékk 4 stig o.s.frv. allt þar til 1 stigi var náð. Stig hópanna voru svo lögð saman til að ákvarða hvaða atriði hóparnir sem heild teldu mikilvægust.

## 2. Niðurstöður

### 2.1 Styrkleikar

Þeir styrkleikar sem þátttakendur töldu gamla bæinn í Borgarnesi búa yfir eru sýndir á mynd 1.




**Mynd 1. Styrkleikar gamla bæjarins í Borgarnesi**

Niðurstöður sýna að flestir telja náttúru og útsýni í gamla bænum helsta styrkleika, því næst kemur saga og menning. Þjónusta og afþreying ásamt þekktum seglum í umhverfinu koma þar á eftir og staðarandi rekur lestina.

## 2.2 Veikleikar

Þeir veikleikar sem þátttakendur nefndu helst í tengslum við gamla bæinn í Borgarnesi koma fram á mynd 2.




### **Mynd 2. Veikleikar gamla bæjarins í Borgarnesi**

Þátttakendur töldu helsta veikleika gamla bæjarins vera vindafar yst á nesinu. Þar á eftir kom bílaumferð á ás byggðarinnar, þ.e. Borgarbraut og Brákarbraut. Skortur á viðhaldi var einnig nefndur sem og skortur á bílastæðum. Önnur atriði skoruðu lægra.

## 2.3 Ógnir

Þær ógnir sem þátttakendur nefndu helst í tengslum við gamla bæinn í Borgarnesi koma fram á mynd 3.




### **Mynd 3. Ógnir við gamla bæinn í Borgarnesi**

Þátttakendur töldu skipulag og þróun byggðarinnar vera helsta ógn við gamla bæinn. Því næst kom hækkandi yfirborð sjávar og veður. Þá var skortur á fjármagni nefndur sem og massatúrismi. Önnur atriði skoruðu lægra.

## 2.4 Tækifæri

Þau tækifæri sem þátttakendur sáu í gamla bænum í Borgarnesi koma fram á mynd 4.



**Mynd 4. Tækifæri í gamla bænum í Borgarnesi**

Þátttakendur töldu mest tækifæri felast í því að skapa heildstætt og aðlaðandi umhverfi í gamla bænum. Þá var nefnt að fjölga seglum og áhugaverðum stöðum á svæðinu og auka tækifæri til fjölbreytta ferðamáta. Önnur atriði skoruðu lægra.